

Viðskiptaskilmálar fyrir TJEKK

GILDIR FRÁ: 11 NÓVEMBER 2024
SEINAST UPPFÆRT 16. JANÚAR 2024

1. Almenn

1.1 TJEKK er snjallsímaforrit í eigu CatchUp ehf., kt 541124-1440. Þessir skilmálar gilda um viðskiptasamband CatchUp ehf. og viðskiptavinar CatchUp ehf. Aðgangur að forritinu er veittur til fyrirtækis sem síðan veitir starfsmönnum aðgang. Viðskiptasambandið er ávallt milli CatchUp ehf. og fyrirtækisins, aldrei einstakra starfsmanna.

1.2 Með því að nota TJEKK lýsir viðskiptavinur yfir að hann hafi lesið, skilið og samþykkt þessa skilmála.

1.3 Uppfærða skilmála má finna á slóðinni:
<https://www.tjekk.is/tjekk-terms-of-service.pdf>

2. Tilgangur og notkun

2.1 TJEKK er snjallsímaforrit sem gerir starfsfólki í verslunum kleift að skanna stríkamarki á vörum til að sjá magn, staðsetningu og stærðir sem eru til á lager. TJEKK auðveldar einnig áfyllingar með því að sýna söluupplýsingar frá síðustu dögum.

2.2 Öll notkun á TJEKK er á ábyrgð viðskiptavinar sem skal einungis nota forritið í þeim tilgangi sem það var hannað.

2.3 CatchUp ehf. ber ekki ábyrgð á tjóni sem gæti hlotist af rangri notkun forritsins.

2.4 Aðgangur að TJEKK fylgir verðskrá hverju sinni.

3. Verð og leyfisgjöld

3.1 Verðskrá má finna á slóðinni: <https://www.tjekk.is>

3.2 Greitt er grunnjald fyrir aðgang að TJEKK. Inni í grunnjaldinu fylgir leyfi fyrir tvö tæki.

3.3 Séu keypt viðbótarleyfi umfram þau tvö sem fylgja þá reiknast verðið sem grunnjald + (heildarfjöldi tækja * verð per tæki).

4. Aðgangur

3.1 Aðgangur að TJEKK er einungis veittur fyrirtækjum sem hafa stofnað til viðskipta við CatchUp ehf.

3.2 Starfsfólk fær aðgang að TJEKK í gegnum vinnuveitanda sinn.

3.3 Það er með öllu óheimilt að deila aðgangsupplýsingum til annara en þeirra sem skulu nota forritið.

3.4 CatchUp ehf. áskilur sér rétt til að loka fyrir aðgang notanda ef grunur er um misnotkun af einhverju tagi.

5. Persónuvernd

4.1 CatchUp ehf. safnar engum persónugreinalegum upplýsingum um starfsfólk viðskiptavinar.

4.2 Uppfærða persónuverndarstefnu má finna á slóðinni:

<https://www.tjekk.is/tjekk-privacy-policy.pdf>

6. Ábyrgð, ábendingar og ágreiningur

5.1 CatchUp ehf. ábyrgist að TJEKK veiti réttar upplýsingar að því marki sem tæknin leyfir. Hins vegar er ekki hægt að ábyrgjast fullkomna nákvæmni eða órofna virkni forritsins.

5.2 CatchUp ehf. ber ekki ábyrgð á atvikum sem CatchUp ehf. hefur ekki á valdi sínu (óviðráðanleg atvik). Óviðráðanleg atvik fela í sér, en eru ekki takmörkuð við, náttúruhamfarir, styrjaldir (force majeure), bilanir í gagnaveri, villur í birgðakerfi eða annarri virkni utan stjórnar CatchUp ehf.

5.3 Hafi viðskiptavinur athugasemdir er varða skilmála eða önnur ágreiningsefni er hægt að hafa samband með einum af eftirfarandi hætti:

Netfang: info@tjekk.is

Sími: +354 821 8009

Heimilisfang: Fannafold 53, 112 Reykjavík, Ísland

5.4 Skilmálar þessir lúta íslenskum lögum. Rísi ágreiningur um notkun TJEKK skal leysa hann fyrir íslenskum dómstólum.